

Miðvikudaginn 27. október 1982.

Nr. 189/1982. **Barðastrandarhreppur sem eigandi Vaðals
gegn
Páli Jakobssyni, eiganda Hamars.**

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 30. ágúst 1982, sem barst Hæstarétti 27. september 1982. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdóm að kveða upp efnisdóm í málinu. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili höfðaði mál þetta sem eigandi jarðarinnar Vaðals. Varnaraðili reisti dómkröfur sínar fyrir héraðsdómi að engu leyti á því, að aðrir en sóknaraðili ættu eignarhlutdeild í þeirri jörð. Er ósannað, að svo sé, þó að varnaraðili hafi vakið athygli á því við munnlegan flutning máls fyrir héraðsdómi, að formlegri eignarheimild áfrýjanda að hluta jarðarinnar kunni að vera áfátt samkvæmt þinglýsingarþókum. Að svo vöxnu máli var héraðsdómi eigi rétt að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi. Verður hinn kærði frávísunardómur því úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdóm að kveða upp efnisdóm í málinu.

Krafa sóknaraðilja um kærumálskostnað úr ríkissjóði, sem ekki er aðili máls þessa, hefur enga lagastoð. Verður kærumálskostnaður ekki dæmdur.

Það athugast, að með 44. gr. laga nr. 28/1981 um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði voru felld úr gildi ákvæði 9.—19. gr. laga nr. 41/1919, sbr. lög nr. 69/1954 og lög nr. 29/1965. Ber ágreining

um landamerki því hér eftir undir héraðsdómara einan, er því aðeins dæmir málið með meðdómendum, að heimilt sé að kveðja þá til dómstarfa, er svo sérstaklega stendur á sem greint er í lögum nr. 85/1936, 37. gr. A, sbr. lög nr. 28/1981, 9. gr. Meðdómsmenn í þessu máli voru valdir til dómstarfa eftir ákvæðum 9. gr. laga nr. 41/1919, sbr. 2. gr. laga nr. 29/1969. Landamerkjamálið hafði verið þingfest, meðdómsmennirnir nefndir í dóm og dómruðning farið fram, áður en lög nr. 28/1981 tóku gildi. Verður því að telja rétt, að málið var einnig eftir gildistöku laganna rekið fyrir dómi, sem skipaður hafði verið samkvæmt ákvæðum hinna eldri laga.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómpings Barðastrandarsýslu 23. ágúst 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 11. ágúst sl., hefur hreppsnefnd Barðastrandarhrepps af gefnu tilefni frá ábúanda jarðarinnar Vaðals í Barðastrandarhreppi höfðað í núverandi formi með stefnu, framlagðri í dóm þann 23. júlí 1982, á hendur Páli Jakobssyni, nnr. 7013—6171, ábúanda og eiganda Hamars í Barðastrandarsýslu.

Kröfur stefnanda eru: „að land jarðarinnar Vaðall á Barðaströnd á svokölluðum Fitjum markist af Reiðkrók, eða öðru nafni Fúlakrók, eftir honum sem hann ræður, en þaðan sem hann endar bein sjónhending í Grundarhóla og þaðan bein lína í Gvendarbrunn og þaðan bein lína til sjávar í Hvalkrók, allt í samræmi við ákvæði landamerkjabréfs frá 10. apríl 1890 og landamerkjaskurði, sem grafnir hafa verið, og landamerkjagjafirðingar, sem settar hafi verið upp á markalínum þessum“. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda er sótt þing í máli þessu. Hann krefst þess, að kröfum stefnanda verði hrundið. Kröfur hans í gagnsök komu fram í stefnu nr. 31, framlagðri í dóm 11. ágúst sl., og ljósriti af loftljósmynd á dskj. nr. 15, en á ljósrit þetta hefur hann mark-

að línur og merkjapunkta. Kröfu sína orðar hann svo: „að landamerki milli Hamars og Vaðals verði ákveðin þannig: Svokölluð Ytri-Fit afmarkist eftir línunni A—B og frá punkti B þverlína til sjávar, aðallega í punkt E, en til vara í punkt E². Ennfremur verði staðfest, að land Hamarsjarðar liggja vestan að merkjalínunni C—D, þ. e. landamerkjum Hvamms og Hamars frá svokölluðum Gvendarbrunni við Þjóðveg eftir skurði og til sjávar.

Þá er einnig krafist fulls málskostnaðar í aðalsök og gagnsök eftir mati réttarins úr hendi hreppsnefndar f. h. Barðastrandarhrepps.“

Stefnandi krefst sýknu í gagnsök og hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnda.

Þann 29. apríl 1981 var landamerkjadómur Barðastrandarsýslu settur að Birkimel á Barðaströnd og haldinn þar af hinum reglulega dómara, Jóhannesi Árnasyni sýslumanni. Þar var tekið fyrir skv. ósk Sigríðar Þorgrímsdóttur, ábúanda á Vaðli, ágreiningur um landamerki jarðanna Vaðals og Hamars í Barðastrandarhreppi. Þinghaldið var sótt af henni, Hákonni Jónssyni, syni hennar, og Páli Jakobssyni, Hamri.

Aðiljar gerðu kröfur sínar fyrir landamerkjadómnum, og þar voru lögð fram skjöl nr. 1—5, endurrit landamerkjaskráa fyrir jarðirnar Hamar, Vaðal og Hvamm í Barðastrandarhreppi og tvær loftljósmyndir frá Landmælingum Íslands. Málið hlaut síðan meðferð skv. 2. kafla laga nr. 4/1919. Sátttaumleitun fór fram án árangurs þann 7. september 1981, þann 15. október 1981 útnefndi dómurinn meðdómendur, og þann 30. október 1981 var dómurinn ruddur. Landamerkjadómurinn varð þannig skipaður: Jóhannes Árnason sýslumaður dómsformaður og meðdómsmenn þeir Ríkarður Mátsson lögfræðingur og Stefán Skarphéðinsson héraðsdómslögmaður. Málinu var síðan frestað óákveðið til gagnaöflunar.

Þann 24. júní 1982 móttækur dóms- og kirkjumálaráðuneytið bréf frá Jóhannesi Árnasyni sýslumanni, þar sem hann fer fram á það, að skipaður verði setudómari til að vera dómsformaður í landamerkjadómi í máli þessu.

Þann 12. júlí 1982 var Hrafn Bragason borgardómari skipaður til þess skv. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936 að fara með og dæma málið. Hann tók það síðan fyrir þann 22. júlí sl. og bókaði þá, að mál þetta hefði verið rekið fyrir landamerkjadómi Barðastrandarsýslu í samræmi við lög nr. 41/1919. Samkvæmt 44. gr., 4. mgr., laga nr. 28/1981, sbr. 1. mgr. sömu greinar, sé

landamerkjadómur nú aflagður. Málið verði því eftirleiðis fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu, sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 85/1936, eins og henni var breytt með lögum nr. 28/1981. Dómariinn lagði síðan fram umboðsskrá sína til þess að fara með málið. Í þessu þinghaldi er mætt af hálfu Barðastrandarhrepps sem eiganda Vaðals og af hálfu ábúenda Vaðals. Í stefnu, framlagðri í dómi 23. júlí 1982, mætir Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður eingöngu fyrir hreppsnefnd Barðastrandarhrepps og kveðst þingfesta málið að nýju fyrir dómstólnum og nú fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu, sé þó hér komið sama mál og á árinu 1981 var rekið fyrir landamerkjadómi Barðastrandarsýslu varðandi landamerki jarðanna Vaðals og Hamars. Á dskj. 7 liggur fyrir yfirlýsing frá oddvita Barðastrandarhrepps, dags. 19. júlí 1981. Þar kemur fram, að hreppsnefndin er sammála um, að dómariinn leiti eftir sáttum milli nefndra jarða, þ. e. Vaðals og Hamars, sem hreppsnefndin síðar samþykki eða hafni sem eigandi Vaðals. Náist ekki sættir, skuli skipa landamerkjadóm, sem skeri úr um ágreiningsatriði málsaðilja.

Af hálfu stefnda hafa þær athugasemdir verið gerðar við málatilbúnað stefnanda, að nú komi í ljós, að hér sé annað mál á ferðum en um var fjallað fyrr. Þar hafi ábúandinn verið stefnandi, en hreppurinn ekki verið í málum, þótt hann samþykkti, að leitað væri sátta. Yfirlýsing hreppsnefndar, dskj. 7, feli ekki í sér ákvörðun hreppsnefndar um þátttöku í málinu. Nú gerist hreppsnefndin aðili, en ábúandinn dragi sig til baka. Gögn skorti algerlega fyrir því, að hreppurinn samþykki þennan málatilbúnað og kröfur. Setudómariinn þurfi því að útvega sér nýtt skipunarbréf og lögmaður stefnanda skriflegt leyfi til málsóknar frá hreppsnefndinni.

Þann 11. ágúst sl. leggur lögmaður stefnanda fram sem dskj. 23 heimild hreppsnefndar til lögmannsins til að fara með málið. Þann sama dag leggur lögmaður stefnda fram ljósrít úr veðmálabókum Barðastrandarsýslu varðandi jörðina Neðri-Vaðal, dskj. 30. Hann hélt því síðan fram við munnlegan flutning málsins, að skjal þetta sýni, að hreppinn skorti eignarheimild fyrir 5 hundruðum úr jörðinni Vaðli. Þetta sagði hann leiða til þess, að dóminum bæri að vísa málinu frá ex officio, sbr. 46. gr. laga 85/1936.

Sátt hefur verið reynd hér fyrir dóminum, en án árangurs. Stefnandi kveðst höfða mál þetta til að fá úr því skorið í eitt skipti fyrir öll, að skilningur ábúanda Vaðals á landamerkjum

jarðarinnar sé réttur. Við munnlegan flutning málsins sagði hann kröfur sínar nánar vera þær, að landsvæðið, sem merkt er E—B—C—D á dskj. 15, verði allt dæmt land Vaðals.

Ágreiningur aðilja varðar skilning á orðalagi merkjabréfa jarðanna Hamars og Vaðls og einnig næstu jarðar, Hvamms í Barðastrandarhreppi. Endurrit úr landamerkjabók Barðastrandarsýslu varðandi þessar jarðir liggur fyrir í málinu. Endurrit landamerkjabréfs Hamars er svohljóðandi: „Landamerkjabréf að jörðinni Hamri á Barðaströnd millum hennar og Vaðalsjarða.

Þar sem ágreiningur hefur verið talsverður milli téðra jarða og merkjaskjöl ekki alveg samhljóða, þá hafa allir viðkomendur orðið ásáttir um neðanrituð landamerki eftir leiðbeiningum ábúendanna.

1. Lína dregin úr neðri-Nóngrund í Skyrkolluklett, þaðan beina sjónhending í Ísfirðingavörðu á Þórðarkinnhöggi, þaðan í sömu línu í stein á hæsta Víðirhvammshöggi og þaðan beina línu í klettinn í jaðrinum á Kikafellinu. Allt miðað við sömu vörðu.

2. Úr Reiðkrók, eða öðru nafni Fúlakrók, eftir honum sem hann ræður. Þaðan sem hann endar í beina sjónhending í Grundarhóla, sem myndar beina línu í Gvendarbrunn og þaðan beina línu í Hvalkrók til sjávar.

3. Milli Hamars og Hvamms. Frá Gvendarbrunni á fjall upp. Ítök eru aðeins hálf selveiði í Selapollí í Hagavaðli.

Staddir á Hamri á Barðaströnd 21. september 1889.

Fyrir hönd sveitarsjóðsins í Barðastrandarhreppi.

Jakob Aþanússon, oddviti.

Og fullmektugur Árna Bjarnasonar á Kvigindisfelli (sami)

E. Hálfðánarson.

Jón Einarsson

Baldvin Jónsson

Runólfur Jónsson, Hvammi“.

Endurrit landamerkjabréfs fyrir Vaðal:

„Landamerkjabréf á jörðunum Efri- og Neðri-Vaðall á Barðaströnd. Jarðir þessar eiga saman óskipt land.

Landamerki gagnvart Hamri: 1: lína dregin úr Neðri-Nóngrund í Skyrkolluklett, þaðan beina sjónhending í Ísfirðingavörðu á Þórðarkinnahöggi og þaðan bein lína í klettinn á jaðrinum á Kikafellinu allt miðað við sömu vörðu.

2: úr Reiðkrók eða öðru nafni Fúlakrók, eftir honum sem

hann ræður. Þaðan sem hann endar í beina sjónhending í Grindarhóla, sem myndar beina línu í Gvendarbrunn og þaðan beina línu í Hvalkrók til sjávar“.

Síðan er í bréfinu tekið til við að lýsa landamerkjum Vaðals gagnvart Krossi, sem ekki koma þessu máli við. Síðan segir: „Staddur á Hamri 19. október 1889 í umboði hreppsins og Árna Bjarnasonar á Felli í Tálknafirði, Jakob Aþaníusson, oddviti, Guðmundur Jónsson vegna Hamars, Guðmundur Jónsson vegna Hvamms“.

Síðan er undirskrift fyrir jörðina Krók. Bæði þessi bréf, sem hér hafa verið nefnd, voru lesin á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 31. maí 1890 og innfærð í landamerkjabók Barðastrandarsýslu.

Árið eftir, þann 30. maí, er á manntalsþingi að Vaðli lesið eftirfarandi bréf fyrir jörðina Hvamm: „Landamerkjaskrá fyrir jörðina Hvamm á Barðaströnd í Barðastrandarsýslu.

Að utanverðu milli Hvamms og Hamars eru merki beina sjónhending úr Grindarbrúnni (þannig) til sjávar í Hvalkrók og er þar við sjó til merkja hlaðnar þrjár vörður. Á sama hátt eru merki úr Grindarbrúnni (þannig) beina sjónhending til fjallsframhaldandi af sjónhendingarlínunni frá sjó“.

Síðan er tiltekið að lýsa mörkum milli Hvamms og Rauðsdals, sem ekki koma hér við sögu. Síðan segir:

„Til staðfestingar undirritaðs sumarið 1890 í umboði eiganda Hvamms Guðmundur Jónsson ábúandi Hvammi, E. J. Thorodd-sen eigandi að Efri-Rauðsdal. Fyrir hönd Árna Bjarnasonar og sveitarsjóðsins vegna Jakobs Aþaníussonar, Guðmundur Jónsson, Hamri“.

Deila aðilja varðar orðalag annars liðar í merkjabréfum Hamars og Vaðals.

Í máli þessu eru menn sammála um, hvar séu að finna örnefni in Reiðkrókur, öðru nafni Fúlikrókur, Grindarhólar, Gvendarbrunnur og Hvalkrókur. Eitt vitni, Sigríður Pálsdóttir, segir þó Hvalkróka vera tvo. Þá er ekki um það deilt, hver séu mörk jarðarinnar Hvamms gagnvart deilusvæðinu, heldur hvor jörðin, Hamar eða Vaðall, eigi land gegnt Hvammi.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að það hafi vilt um fyrir eiganda Hamars, að í landamerkjabréfi Vaðalsjarða frá 10. apríl 1890 sé ekki nefnt, að um sé að ræða landamerkjalinu milli Hvamms og Vaðals. Við nánari athugun komi í ljós, að Guðmundur Jónsson riti undir bréfið vegna Hvammsjarðar.

Af því leiði, að um sé að ræða landamerkjalinu milli Vaðals annars vegar og Hvamms hins vegar skv. ákvæðum landamerkjabréfsins. Þá sé á það að líta, að í landamerkjabréfi Hamars, sem sé undirritað 25. september 1889, eða árinu áður en Vaðalsbréfið, sé sérstaklega tekið fram, að allir viðkomendur hafi orðið ásáttir um þar greind landamerki eftir leiðbeiningum ábúendanna og eftir að verið hafi uppi talsverður ágreiningur milli Hamars og Vaðalsjarða vegna merkjaskjala, sem ekki voru alveg samhljóða. Þarna sé skýrt tekið fram í þessu bréfi, að milli Hamars og Hvamms séu landamerki frá Gvendarbrunni á fjall upp, aðeins þar, en ekki annars staðar. Þetta sé greinilegt tákni þess, að Hamar og Hvammur eigi ekki sameiginleg landamerki frá Gvendarbrunni til Hvalkróks í sjó fram.

Ónákvæmni og mótsagna við fyrrnefnt landamerkjabréf gæti hins vegar í landamerkjaskrá svonefndri fyrir jörðina Hvamm, sem tilgreind sé, að hafi verið lesin á manntalsþingi 30. maí 1891. Þar hafi láðst að geta Vaðals sem landamerkjajarðar við Hvamm. Því er haldið fram, að hroðvirkni gæti víðar í því bréfi, svo sem að Gvendarbrunnur sé þar tvisvar nefndur Grindarbrú.

Landamerkjabréfin fyrir Hamar og Vaðal séu bæði lesin á manntalsþingi 31. maí 1890, en þetta bréf ári síðar og verði að telja, að fyrrnefndu bréfin, sem séu samhljóða og til lausnar á undangenginni deilu, skýri rétt frá aðstæðum. Að svo miklu leyti sem Hvammsbréfið greini á við fyrri bréfin sé það í engu hafandi. Þá er tekið fram, að ábúendur Vaðalsjarða hafi hafið ræktun á landi því, sem eigandi Hamars telur frá honum tekið, og girt það af á árinu 1967 eða 1968. Áður hafi ábúandi Vaðals lokið við að girða mörk Vaðals og Hamars úr Reiðkróki (Fúla-króki) í Grundarhóla. Þarna hafi árið 1956 verið grafinn skurður.

Deila geti ekki verið um mörk Hvamms frá Gvendarbrunni í Hvalkrók, því bóndinn og eigandinn þar hafi á árinu 1957 látið grafa landamerkjaskurð og gert Jóni Elíassyni, þáverandi bónda á Vaðli, að taka þátt í kostnaði við þann skurðgröft á móti sér sem landamerkjaskurð. Þetta hafi staðið óhaggað síðan í tuttugu og fimm ár og sé því komið í fastar skorður. Málið hér geti því eingöngu snert jarðirnar Hamar og Vaðal. Skurðsetning þessi á landamerkjum Vaðals og Hvamms hafi skapað hefð fyrir því, hvað sem öllu öðru líði, að Vaðall eigi landið vestan þessarar línu. Þá sé á það að líta, að ræktun landsins, án þess að gild mótmæli séu fram borin af hálfu Hamars, hafi helgað jörðinni Vaðli Fitjarnar allar til fyllstu eignar- og umráða. Eigendur

Vaðals mótmæli þannig í einu og öllu kröfum eiganda Hamars í landamerkjadómi þann 29. apríl 1981 til eignarhalds á landspildunni, sem afmarkast af beinni línu frá Gvendarbrunni eftir landamerkjaskurði til sjávar og hins vegar með línu úr Gvendarbrunni að svo kölluðum Grundarhólum og þaðan til sjávar. Þá er því mótmælt, að hugsanleg beitarnot Hamars af landspildunni ásamt Vaðli, áður en landið var varið og girt, geti á nokkurn hátt skapað Hamri eignarhald eða afnotarétt af landspildunni, eins og málum sé háttað.

Af hálfu eiganda Hamars er því haldið fram, að enginn ágreiningur sé um línuna A—B á dskj. nr. 15 (þ. e. úr Reiðkróki í Grundarhóla), heldur hvernig staðfæra skuli þverlínuna B—E til sjávar. Línan B—C sé hins vegar í rauninni ekki markalína, skeri ekkert land, heldur sé hún einungis stefnumið niður að sjónum, sem ráði staðsetningu merkjapunktsins E (eða E²).

Þá er því haldið fram, að markalínan C—D sé óumdeild. Staðfesti merkjabréfin, að það sé Hamarsland, en ekki Vaðals, sem liggja vestan að þeirri línu, ekki sé getið um landamerkjalinu milli Hvamms og Vaðals. Í landamerkjabréfi Hvamms komi það sama fram, það sé Hamarsland, en ekki Vaðals, sem liggja að mörkum milli Hvamms og Hamars, þetta atriði skipti hér sköpum.

Þá er vitnað til framburðar eiganda Hamars, dskj. 11, og skýrslu Sigríðar Pálsdóttur á dskj. nr. 18 um, að girt hafi verið á sínum tíma úr Grundarhólum og beint til sjávar.

Þá er vitnað til skýrslu, dskj. nr. 16, frá Th. Gunnlaugssyni, dags. 1837, skýrsla sú er þinglesin. Því er haldið fram, að í yfirlýsingu þessari sé staðfest þerum orðum, að merki Hamarslands hafi skv. „elstu kunnugra og greindra manna vitnisburðum“ verið „í Grundarhóla, úr endanum á þeim beint til sjávar“. Þetta sýni stefnu þessarar þverlínu, að hún hafi verið annað hvort eftir sjónhendingu frá Gvendarbrunni (C—B), punktur E, eða hornrétt á línuna A—B, punkturinn E². Lesa verði og skýra merkjabréfin á dskj. nr. 1 og 2 með þeirri viðbót eða fyllingu, sem lýsing Th. Gunnlaugssonar hafi að geyma, enda komi það heim og saman. Skjalið sé þinglesið og engar athugasemdir hafi komið fram við það, því teljist það enn í fullu gildi um leið og þinglýsingar merkjabréfanna á dskj. 1 og 2 séu gallaðar að ýmsu leyti. Th. Gunnlaugsson muni vera Þorkell Gunnlaugsson, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, sem, þegar þessi yfirlýsing var gefin, hafi búið á Reykjafirði við Djúp, dáinn um miðja síðustu

öld. Hann hafi verið allmerkur maður, „af náttúru vel gefinn . . . bar gott skyn á margt“, hneigður til „bændastarfa“, segir Bogi Benediktsson. Gunnlaugsen sýslumaður hafi einmitt búið að Hamri allnokkuð árabil, áður en hann fluttist í Djúpið. Honum verði því hvorki brugðið um ókunnleika né heldur ósannsögli eða hlutdrægni, þar sem hann hafi ekki sjálfur átt jörðina, auk þess sem skjalið sé mjög greinargott á allan hátt.

Þá er því haldið fram, að Ytri-Fitin (þ. e. A—B—E) hafi upphaflega verið hluti af Hamarsjörð, svo sem landfræðilegar aðstæður bendi til. Slíkan fráskilnað lands undan jörð verði að skýra þröngt. Það sé alger fjarstæða að ætla að útvíkka hann allt að Hvammsmörkum og upp að Gvendarbrunni. Landamerkjalinur mundu þá verða ankannalegar og ólöglega hlykkjóttar, sbr. ákvæði landamerkja- og landskiptalaga, 10. gr. Eftir fráskilnað Fitjarinnar virðist hún hafa verið eins konar samnotaland beggja jarðanna, sbr. Gunnlaugsen, sérstaklega hvað reka og sjávargagn snerti. Þá er af hálfu eiganda Hamars skýringum stefnanda á landamerkjabréfunum mótmælt svo og málsástæðu þeirri, að um hefðvinningu á deilusvæðinu sé að ræða. Hefðartími sé ekki upp runninn, afnot hefðvinnanda hvorki gagnger né útilokandi og huglæg skilyrði séu heldur ekki fyrir hendi. Hreppurinn sem slíkur geti heldur ekki unnið hefð í þessu tilviki. Hann hafi ekki haft deilusvæðið í neins konar eignarhaldi eða vörslum, sem leitt geti til hefðvinnings, jafnvel þótt önnur skilyrði væru fyrir hendi. Þá er á það bent, að það hafi verið hreppurinn, sem seldi eiganda Hamars jörðina. Þegar af þeirri ástæðu geti hann ekki unnið hefð á þeirri eign.

Fyrir dóm hafa komið Sigríður Þorgrímsdóttir og Hákon Jónsson, ábúendur á Vaðli. Sagðist Sigríður hafa búið að Vaðli síðan 1944, er hún og eiginmaður hennar, Jón Eliásson, sem nú er látinn, tóku við búinu þar. Jörðin Vaðall hafi verið tvíbýli til 1938. Efri-Vaðall hafi verið tíu hundruð að fasteignamati og Neðri-Vaðall tuttugu hundruð, þar af hafi tíu hundruð verið skipt í ábúð milli Hamars og Kross. Þegar þau hjónin hafi tekið við ábúð á jörðinni 1944, hafi einnig fallið undir ábúðina þau fimm hundruð, sem Hamar hafði haft, og einnig skömmu síðar þau fimm hundruð, sem Kross hafði haft. Síðan hafi jörðin Vaðall skoðast vera þrjátíu hundruð að fasteignamati. Hún taldi ágreining í málinu vera í því fölginn að ákveða landamerki Hamars og Vaðals að landamerkjum Hvamms með hliðsjón af því, sem segi í landamerkjabréfum Hamars og Vaðals um örnefnið Hval-

krók, þ. e. við hvaða stað eða krók til sjávar örnefni þetta geti átt. Óumdeilt sé, að landamerkjalinna þessi sé lína frá svonefndum Gvendarbrunni, sem talinn sé vera uppi við núverandi þjóðveg, og eftir landamerkjaskurði í krók í sjávarbökkunum beint niður af skurðinum. Hákon Jónsson er sonur Sigríðar Þorgrímsdóttur.

Þá hefur komið fyrir dóm Páll Jakobsson, bóndi að Hamri og eigandi jarðarinnar. Hann kvaðst hafa eignast Hamar með afsali, dags. 18. des. 1956, og hafa búið þar síðan. Hann er fæddur og uppalinn að Hamri. Þá hefur verið lögð fram skýrsla Sigríðar Pálsdóttur sem dskj. nr.18, en faðir Sigríðar bjó á Hamri. Sigríður Pálsdóttir tekur undir málsstað eiganda Hamars í málinu. Hún hefur staðfest skýrslu sína fyrir dómi. Þá hafa komið fyrir dóm sem vitni Karl Sveinsson, fyrrum ábúandi í Hvammi og oddviti Barðastrandarhrepps, Bjarni Þórarinn Ólafsson, Neðri-Rauðsdal, fyrrum ábúandi á Efri-Vaðli, og Kristján Þórðarson, Breiðalæk, fyrrum oddviti Barðastrandarhrepps.

Dómarar hafa gengið á merki og kannað staðhættu ásamt lögmonnum, aðiljum, vitninu Sigríði Pálsdóttur og ábúendum á Vaðli.

Álit dómsins.

Líta verður svo á, að mál þetta hafi réttilega verið höfðað í samræmi við 2. kafla laga nr. 4/1919 með kröfugerð aðilja í landamerkjadómi Barðastrandarsýslu 29. apríl 1981. Það mál, sem þá var höfðað, hefur ekki verið formlega fellt niður, þannig að líta verður svo á, að stefnur aðilja hér fyrir dómi leggi endanlegan grundvöll að málatilbúnaði þeirra, en séu ekki upphaf nýs máls.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stefnandi, Barðastrandarhreppur, hafi eignarheimild að allri jörðinni Vaðli. Því til styrktar hefur verið lagt fram ljósrit úr veðmálabók Barðastrandarsýslu varðandi Neðri-Vaðal, sem sýnir eignarheimildir hreppsins að 15 hundruðum af fasteignamati jarðarinnar, sbr. einnig dskj. 12 og 13. Óumdeilt er, að jörðin var að fasteignamati 20 hundruð. Það eru ekki brigður bornar á, að hreppurinn eigi Efri-Vaðal, sem metinn var að fasteignamati 10 hundruð. Samkvæmt gögnum málsins skortir hreppinn þannig 5 hundruð af fasteignamati jarðarinnar til þess að hafa a. m. k. formlega eignarheimild að allri jörðinni.

Samkvæmt dskj. 21 selur hreppurinn jörðina Hamar til núverandi ábúanda þar 18. desember 1956, en ekkert er í afsalinu

getið um stærð jarðarinnar þá. Þáverandi sýslumaður Barðastrandarsýslu hefur ritað á afsalið, að jörðin sé að fasteignamati 20 hundruð. Barðastrandarhreppur sé ekki þinglesinn eigandi nema að 10 hundruðum fasteignamats hennar.

Í landamerkjaskrár jarðanna er ekki nákvæmlega tíundað, hver eða hverjir eigi hvaða jörð, þegar skrárnar eru gerðar, né heldur hverjir riti undir skrárnar fyrir hverja jörð. Óupplýst er, hvornig þessu var háttað og hvornig eignarhald á jörðunum hefur breyst síðan.

Þessi atriði, sem hér hafa verið rakin, geta haft áhrif á niðurstöðu máls þessa, bæði aðalsök og gagnsök. Þykir því ekki hjá því komist að vísa máli þessu í heild sinni sjálfkrafa frá dómi.

Rétt þykir með tilliti til málavaxta, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu, bæði aðalsök og gagnsök.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan sem settur dómari ásamt meðdómendunum Ríkarði Mássyni og Stefáni Skarphéðinssyni lögfræðingum.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá dómi í heild sinni.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu, bæði í aðalsök og gagnsök.

Miðvikudaginn 27. október 1982.

Nr. 198/1982. **Hannes Halldórsson**
 gegn
Húsasmiðjunni h/f.

Kærumál. Frávísunardómur að hluta úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru, dags. 16. september 1982, er